

**Tillaga L-lista:**

Bæjarfulltrúi Vina Mosfellsbæjar leggur til að móttökueldhús Kvíslarskóla og mötuneytisaðstaða nemenda verði færð tímabundið úr Kvíslarskóla í Hlégarð, á meðan framkvæmdir og endurbætur standa yfir á húsnæði skólans.

**Greinargerð:**

Hlégarður er í eigu Mosfellsbæjar, þar er fullbúið eldhús og góð aðstaða fyrir nemendur til þess að matast.

Röskun sú er stafar af lagfæringum á Kvíslarskóla er ein og sér veruleg og því mikilvægt að auka ekki á þá röskun með því að loka mötuneyti skólans alfarið. Rekstur mötuneytis í skólum Mosfellsbæjar er ein af grundvallar stoðum í daglegu skólastarfi og því bagalegt fyrir bæði nemendur og forráðamenn þeirra að mötuneyti Kvíslarskóla verði lagt af í marga mánuði eins og stefnir í að óbreyttu.